

**BORGARRÁÐ 23. maí 2024: Fyrirspurn Flokks fólksins vegna viljayfirlýsingar Reykjavíkurborgar um rafræn byggingaleyfi - MSS24050115**

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hefur undirritað viljayfirlýsingu um þátttöku í sameiginlegu verkefni um stafræn byggingarleyfi með Mannvirkja og húsnæðisstofnun, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Stafrænu Íslandi, vill fulltrúi Flokks fólksins fá upplýsingar um hvað gert verði við lausnina BYGG2 sem Reykjavíkurborg lagði tíma og fjármagn í og innleiddi að hluta til árið 2022? Spurt er hvort ekki sé hægt að hætta með BYGG2 og nota alfarið HMS lausnina sem allir virðast vera að nota? Einnig er óskað upplýsinga um hver var heildarkostnaður við innleiðingu BYGG2 og rafrænnar mannvirkjaskrár sem Reykjavíkurborg innleiddi á svipuðum tíma og yfirgripsmikil og ítarleg mannvirkjaskrá Húsnæðis og mannvirkjastofnun var innleidd?

**Greinargerð:**

Fulltrúi Flokks fólksins telur það alvarlegt mál ef fjármunum borgarbúa sé sóað þannig að verið sé að þróa og uppgötva og síðan innleiða lausnir í stað þess að leggja áherslu á samvinnu og samnýtingu lausna sem þá þegar eru komnar í virkni hjá öðrum sveitarfélögum og ríki. Athuga ber að þjónusta sveitarfélags við íbúa eru mikið til sú sama hvort sem um er að ræða Reykjavík, Akranes eða Mosfellsbæ. Yfirlýst markmið Húsnæðis og mannvirkjastofu með stafrænum byggingarleyfum er að samræma verklag þvert á sveitarfélög. Þess vegna hljóta þeir sem skoða þessi mál að spyrja sig af hverju þjónustu og nýsköpunarsvið hafi verið að leggja svo mikla vinnu og fjármagn í ofangreind verkefni í stað þess að hafa frumkvæði að því að leita samstarfs við Mannvirkja og húsnæðisstofnun, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt Ísland?